



Örbirgð í 30 stiga gaddi

Sléttur Mongólíu eru einhver yndislegasti staður á jarðríki. Graslendi hlykkjast í hólum og hæðum um landsvæði sem er þrisvar sinnum stærra en Frakkland. Víðáttan ríkir. Hér og þar má sjá hirðingjatjald og kannski nokkur húsdýr í grennd. En ásýndin blekkir.

Í Mongólíu nístir örbirgðin meðal hirðingja sem nú reyna að lifa af fjórða harðindaveturinn í röð.


„Dzud“ kalla þeir það þegar saman fara þurrkasumur og óvenjumiklar vetrarhörkur. Skepnur falla úr hor og mannfólkið sveltur.

Um 665 þúsund manns búa á svæðum þar sem horfellir skepna er

að leggja mannlíf í rúst. Á þessum svæðum var lítið hægt að heysja síðasta sumar þannig að fólkið vantar fóður til að halda lífi í skepnunum meðan snjórinn þekur gresjurnar næstu mánuði. Þegar búfénaðurinn fellur kemur röðin fljótt að hirðingjunum sem reiða sig á afurðir þeirra.

Fyrstu tvær vikurnar í janúar drápu 24 þúsund skepnur og óttast er að á næstu mánuðum muni milli tvær og þrjár milljónir falla úr kulda og hor. Þeir sem reiða sig algjörlega á húsdýrin geta vart til þess hugsað hvað gerist ef svo fer fram sem horfir.

Handsuren heitir 67 ára hirðingi



Fjölskyldan bíður spennt á meðan húsfreyjan eldar matinn. Mongólskir hirðingjar reiða sig alveg á skepnurnar sínar sem nú deyja unnvörpum úr kulda og hungri.

Ljósmynd: Keli/Morgunblaðið.

í Bolgan héraði. „Lífið er erfitt og það á ekkert eftir að batna því að dýrin okkar eru að deyja og við reiðum okkur algjörlega á þau. Við kunnum ekkert annað.“

Dashnymjil kona hans hefur að-

allega áhyggjur af börnunum. „Við getum ekkert gert annað en að taka ástandinu eins og það er. Ég held við lifum þetta af en börnin okkar eiga erfitt líf fram undan.“



Að draga úr sárustu neyðinni

Alþjóða Rauði krossinn hefur sent út neyðarkall vegna harðindanna í Mongólíu. Á næstu vikum ætlar Rauði krossinn að koma hjálpargögnum til 115 þúsund manns í því skyni að hjálpa þeim að lifa af fram á sumar þegar snjó leysir. Áhersla er lögð á að ná til fátækustu fjölskyldnanna til sveita, hirðingja sem þegar hafa flosnað upp af svæðum sínum og þeirra sem búa við hvað mesta örbirgð í bæjum. Einkum er ætlunin að

hjálpa þeim sem hafa misst flestar eða allar skepnurnar sínar og barnafjölskyldum þar sem fyrirvinnuna vantar.

Þegar rætt er við hirðingja á sléttum landsins bera þeir sig iðulega vel og segjast muna lifa þessi harðindi af. En kannanir Alþjóða Rauða krossins og Sameinuðu þjóðanna benda til að fjöldi manns sé einungis hársbreidd frá hungri. Ástæðurnar eru margvíslegar. Breytingarnar eftir fall kommúnistastjórnarinnar fyrir rúmum áratug hafa um-

turnað lífi margra. En aðallega eru það harðindin undanfarin fjögur ár sem valda þessum miklu búsjfum.

Niðurstaða sérfræðingahóps sem Rauði krossinn sendi til Mongólíu var þessi:

„Fleiri og fleiri hirðingjar hafa ónóg, eða ekkert, búfé til að lifa af; staðfest er að örbirgð er að aukast í minni bæjum af völdum atvinnuleysis og æ fleiri fjölskyldur eru að flytja til höfuðborgarinnar Ulaan Baatar í sára fátækt.“

Pitt framlag skiptir sköpum í lífi fólks

Við höfum verið matarlaus svo lengi



Kona setur 50 kílógramma þungan máisekk á höfuð sér í dreifingarstöð Rauða krossins í Malaví. Ljósmynd: Þórir Guðmundsson.

Löng röð af M6 flutningabifreiðum færast hægt eftir mjórrí slóðinni langt inni í afskekkustu héruðum Sambíu. Grænar hæðirnar sem einkenna landslagið í sunnanverðri Afríku mynda fagra umgjörð um hvíta trukkana. Það má greina vélargnýnn úr órafjarlægð þegar þessar sexhjóladrifnu flutningabifreiðar ösla gegnum þungfæra leðjuna. Þær fara ekki hratt yfir, en seiglast þó áfram af ótrúlegu öryggi með þungan farm sinn, eftir vegum sem enginn treystir sér til að aka venjulegum vörubifreiðum. Úr fjarska má greina merki Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans á vélarhlífum og hliðum trukkanna, stóran rauðan kross og rauðan hálfmána.

Þessi hálffæri vegur liggur til dreifingarstöðvarinnar í Sianýólo í Siavonga héraði. Trukkarnir hafa lagt

að baki 120 km leið eftir sundurskornum troðningum í fjöllóttu

Hlér Guðjónsson sendifulltrúi skrifar frá Suður-Afríku:

landslagi, yfir ár sem orðnar eru meira en metri á dýpt eftir rigningar undanfarinna daga.

Þegar bifreiðalestin birtist, reka þorpsbúar upp fagnaðaróp, börnin hlaupa á móti hvítum trukkunum og fullorðnir dansa og klappa saman lófum þegar trukkarnir koma að dreifingarstöðinni með háværu vélar-skrólti. Fólkið í þessum fjarlægum héruðum hefur beðið lengi eftir matvælaaðstoð. Það var ekki fyrr en M6

flutningabifreiðar Rauða krossins komu til landsins að hægt var að brjótast til afskekktara staða eins og Sianýólo með allan þann mat sem þarf til að afstýra sulti.

„Matvælin hafa verið geymd í vöruhúsi síðan í desember vegna þess að ekki var hægt að flytja þau um ófæra vegarslóðana,“ segir Alexander Kazenzi sem stýrir matvæladreifingu í Siavonga héraði.

Alexander hafði reynt að fá innlend flutningafyrirtæki til að taka að sér matvælaflutninga til Sianýólo og þegar honum tókst loks að fá einhvern til að flytja matvælin með venjulegum vörubifreiðum reyndust farartálmarnir óyfirtiganlegir og maturinn komst ekki nema hálfa leið. Alexander Kazenzi telur M6 flutningabifreiðarnar vera forsendu þess að hægt sé að dreifa matvælum í Sianýólo.

Þannig orðar ein konan úr þorpinu, Tabitu Katomba, það: „Þessar hvítu flutningabifreiðar færa okkur sanna hamingju því að við höfum verið matarlaus svo lengi.“

Hjálp

Rauði kross Íslands

1. tölublað, 10. árgangur febrúar 2003
Útgefandi: Rauði kross Íslands
Efstaleiti 3, 103 Reykjavík
Sími: 570 4000 **Fax:** 570 4010
Netfang: central@redcross.is
Veffang: www.redcross.is
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Þórir Guðmundsson
Netfang: thorir@redcross.is
Útlit: Mátturinn og dýrðin
Umbrot: Blaðasmiðjan
Prófarkalestur: Þórunn Hjartardóttir
Prentun: Prentsmiðjan Oddi
Upplag: 15.000

Stjórn Rauða kross Íslands:
Úlfar Hauksson formaður
Jóhannes Rúnar Jóhannsson varaformaður
Sigurður Arnar Sigurðsson ritari
Ólafur Ólafsson gjaldkeri
Anna Stefánsdóttir
Guðný Sigurðardóttir
Hörður Högnason
Karen Erla Erlingsdóttir
Kristján Sturluson
Pálín Dögg Helgadóttir
Torben Friðriksson

Framkvæmdastjóri:
Sigrún Árnadóttir



Gamall norskur hertrúkkur gegnir nú því hlutverki að skila matvælaaðstoð Rauða krossins til þorpsbúa í sveitum Sambíu.

Aðstoð frá Íslandi er haldreipi þeirra

Um sex þúsund manns á landinu eru virkir styrktarfélagar Rauða kross Íslands. Hver og einn greiðir árlega að minnsta kosti 2500 krónur í sjóð sem á hverju ári styrkir eitt verkefni. Stefna Rauða kross Íslands er að velja einkum verkefni á svokölluðum gleymdum svæðum eða þar sem af einhverjum ástæðum hefur reynst erfitt að fá fjárstuðning til mikilvægra verkefna.

Áður hafa styrktarfélagar meðal annars hjálpað fórnarlömbum jarðsprengja, keypt kuldasjó fyrir börn í Kasakstan og aðstoðað við uppbyggingu heilsugæslu í Mósambík. Mikil áhersla er lögð á eftirfylgni með verkefnum og að kynna árangur starfsins fyrir styrktarfélögum, einkum í

fréttabréfum eins og þessu og á vefsíðu félagsins, www.redcross.is.

Síðustu þrjú árin hafa styrktarfélagar stutt alnæmisverkefni í sunnanverðri Afríku. Framkvæmd þeirra er nú hafin í Suður-Afríku, Mósambík og Malaví. Markmiðið er að styðja heimahlyningu og ráðgjöf fyrir alnæmissjúka, fræða þá sem ekki eru smitaðir um smitleiðir alnæmis, styðja munaðarlaus börn og vinna gegn fordómum í garð smitaðra.

Þær 2500 krónur sem hver styrktarfélagi greiðir á þessu ári duga til að veita einni manneskju, sem nú líður mikinn skort, nauðsynlega vetraraðstoð. Það munar því um hvert einasta framlag.



Oft er erfitt að þiggja hjálp en þúsundir manna í Mongólíu hafa engar aðrar bjargar.

Matvæladreifing í hungurmánuðum



Sólveig Ólafsdóttir, sendifulltrúi Rauða kross Íslands í Harare, er einn af sex sendifulltrúum Rauða kross Íslands í sunnanverðri Afríku. Allir starfa þeir við verkefni sem tengjast annaðhvort alnæmisfaraldrunum eða hungursneyðinni sem ríkir.

Matvæladreifing í Lesótó, Malaví, Svasílandi, Sambíu og Simbabve er nú í hámarki, hálfu ári eftir að Rauði krossinn sendi út neyðarkall vegna hungursneyðar í sunnanverðri Afríku. Um það bil 750.000 einstaklingar í þessum fimm löndum hafa notið aðstoðar Rauða krossins til þessa. Það er samkvæmt upphaflegum áætlunum.

Dreifingu á útsæði og áburði lauk í byrjun desember, rétt í tæka tíð fyrir sáningu, áður en regntímabilið hófst fyrir alvöru. Rauði krossinn mun halda áfram dreifingu matvæla að minnsta kosti til júníloka.

Samkvæmt reglubundnum könnunum á vegum sérstakrar svæðisnefndar, sem er skipuð fulltrúum hjálparstofnana og stjórnvalda, heldur ástandið áfram að versna í löndunum fimm. Nú eru fimmtán milljónir manna taldar þurfa aðstoð. Ástandið er þó heldur betra á þeim svæðum þar sem hjálparstofnanir hafa unnið að matvæladreifingu, sem þykir sýna að alþjóðleg aðstoð hafi skilað tilætlunum árangri og náð til þeirra sem mest þurfa á henni að halda.

Í venjulegu árferði kalla íbúar í sunnanverðri Afríku tímabilið frá

desember fram í mars - frá sáningu og fram að næstu uppskeru - hungurmánuði. Vegna uppskerubrests í fyrra hófust hungurmánuðirnir mun fyrr því að allur matarforði var uppurinn í haust. Tugþúsundir manna hafa því þurft að reiða sig alfarið á matvælaaðstoð Rauða krossins og

**Sólveig Ólafsdóttir
skrifar frá Harare:**

annarra hjálparamtaka.

Rysjótt veðurfar, langir þurrkakafar og litlar rigningar hafa undanfarið aukið ótta sérfræðinga um að uppskerubrestur gæti aftur verið í uppsiglingu. Að auki gengu krappar hitabeltislægðir yfir Mósam-

bík og Malaví í ársbyrjun og um eitt þúsund smábændur misstu uppskeru sína í kjölfarið af völdum flóða. Flóðatímabilið er allajafna mun seinna á ferð og því segist McBain Kanongodza, framkvæmdastjóri Rauða krossins í Malaví, óttast að stærrí flóð verði í mars.

Almennt efnahagsástand í löndunum fimm er afar bágborið og þar hafa alnæmisfaraldur, slæm stjórnsýsla og veðurfar, sem veldur þurrkunum og flóðum á víxl, mest áhrif. Í Simbabve er almennur matarskortur jafnt í borgum og sveitum. Fólk bíður klukkustundum saman eftir brauði, bensini, sykri og mjólkurvörum. Flestar nauðsynjavörur fást alls ekki og sumt er einungis hægt að fá á svarta markaðnum á verði sem fæstir ráða við. Skjólstæðingar matvælaaðstoðar Rauða krossins í sunnanverðri Afríku eru flestir alnæmissmitaðir og hafa engin önnur úrræði til handa sér og sínum en að reiða sig á alþjóðlega aðstoð.

Dreifingu á útsæði og áburði lauk í tæka tíð fyrir sáningu, áður en regntímabilið hófst fyrir alvöru, í byrjun desember



Okkar maður í Afganistan

Þann 25. mars 2002 skók jarðskjálfti fjallaborp í norðanverðu Afganistan með þeim afleiðingum að 800 manns létu lífið, 10.000 manns mistu heimili sín og 80.000 manns urðu fyrir búsifjum af einhverju tagi. Nú, ári síðar, er hjálpar- og uppbyggingarstarf Rauða krossins og Rauða hálfmánans enn í fullum gangi.

Ákveðið var að endurreisa fimm skóla sem hrundu í skjálftanum og nú hefur Ríkharður Pétursson, sendifulltrúi Rauða kross Íslands, umsjón með því að byggja skóla fyrir

2.400 börn í fimm þorpum. Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari Morgunblaðsins, heimsótti Ríkharð í desember á vegum Alþjóða Rauða krossins. Eins og sjá má af myndunum er aðalbyggingarefnið tilhöggvið grjót sem fengið er úr nánasta umhverfi.

Vetrarkuldar hafa gert byggingaverkamönnum erfitt fyrir en allt kapp er lagt á að klára byggingarnar fyrir maí á þessu ári. Á meðan læra börnin í tjöldum sem reist hafa verið í þorpunum. Menntun barnanna verður ekki frestað þótt aðstæður séu erfiðar.



Sendifulltrúar Rauða krossins þurfa að geta samið við fulltrúa yfirvalda á staðnum, hvort sem um er að ræða embættismenn, herforingja eða skæruliða.

Talstöðvar og harðgerir jappa gegna veigamiklu hlutverki við hjálparstörf í fjallahéruðum Afganistans.